

Guðný Zoëga

# Helgustaðanáman í Reyðarfirði

*Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*



Bygðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2012/130



## Efnisyfirlit

|                                                        |    |
|--------------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                        | 2  |
| Fornleifaskráning .....                                | 2  |
| Tilgangur fornleifaskráninga .....                     | 2  |
| Aðferð við skráningu .....                             | 3  |
| Helgustaðanáman .....                                  | 5  |
| Fornleifaskrá .....                                    | 7  |
| Minjar sem eru horfnar eða fundust ekki .....          | 17 |
| Skipulagssvæðið við þjóðveg og aðrir göngustígar ..... | 17 |
| Niðurstöður .....                                      | 17 |
| Niðurlag .....                                         | 19 |

Viðauki

Hnitaskrá, deiliskipulagsuppdráttur og minjakort

## **Inngangur**

Sveitarfélagið Fjarðabyggð fór þess á leit við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að hún tæki að sér skráningu fornleifa í og umhverfis Helgustaðanámu, gamallar silfurbergsnámu í Reyðarfirði. Náman liggur í landi eyðijarðarinnar Helgustaða í Helgustaðahreppi hinum forna, nú sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Skráningin fer fram í tengslum við deiliskipulagningu svæðisins umhverfis námuna vegna væntanlegra framkvæmda og breytinga á aðkomu og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Við skráninguna var stuðst við deiliskipulagsupprátt frá Fjarðabyggð sem unnin er af Landmótun. Uppdrátturinn sýnir útmörk svæðisins og áætlaðar framkvæmdir innan þess.

Náman var friðlýst sem náttúruvætti 1975 og fellur því undir umsjón Umhverfisstofnunar. Náman og hluti mannvirkja henni tengd telst hinsvegar einnig fornleifar samkvæmt þjóðminjalögum nr.107 frá 2001 og falla því undir 100 ára friðunarákvæði þeirra laga.

Engin formleg fornleifaskráning hafði farið fram á námunni en þar höfðu minjar þó verið mældar upp lauslega og lýst í yfirlitsskýrslu sem kom út í tengslum við svæðisskipulag Fjarðabyggðar.<sup>1</sup> Við skráninguna nú var allt deiliskipulagssvæðið gengið og þær minjar sem þar er að finna mældar upp með nákvæmu gps tæki.

Sérstakar þakkir fá Geir Hólm fyrrverandi safnvörður á Eskifirði fyrir veittar upplýsingar og Jóhann Zoëga fyrir aðstoð við vettvangsskráninguna.

## **Fornleifaskráning**

### ***Tilgangur fornleifaskráninga***

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhusa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

---

<sup>1</sup> Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir (2004). *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í*

- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar og minjasvæði teljist þau hafa sérstakt menningarsögulegt gildi[...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknnum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

### ***Aðferð við skráningu***

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar

sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Oft eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að taldir eru líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær stígurinn upp að námunni númerið 1 (auðkennt Helgustaðir- 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Helgustaðir- 1, Fvrnr.13512.

Reynt er að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is). Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Upplýsingunum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).



## Helgustaðanáman



*Horft yfir efri námuna inn Reyðarfjörð, Helgustaðir í fjarska og Hólmatindur fyrir miðri mynd. Ljós. Jóhann Zoëga.*

### Sögulegt ágríp:

Helgustaðanáman liggur um 100m ofan við þjóðveginn út Helgustaðahrepp uppi í brattri hlíð við Reyðarfjörð norðanverðan. Þar er að finna leifar af einni bestu silfurbergsnámu veraldar en silfurbergið úr henni þótti sérlega tært. Bergið úr námunni fór á söfn og var einnig notað í hverskyns nákvæmnistæki s.s. smásjár.<sup>2</sup> Árið 1668 sendi Friðrik konungur þriðji danskan steinhöggvara til Íslands sem starfa skyldi við silfurbergstöku í Helgustaðanámu og átti hann að afla fágætra bergtegunda. Silfurberg hefur því verið sótt í námuna að minnsta kosti frá síðari hluta 17. aldar þótt ekki hafi það verið mjög skipulagður útflutningur í stórum stíl.<sup>3</sup> Fyrst var öllum frjálst að sækja þangað berg en um miðja 19. öldina var byrjað að selja hana á leigu.<sup>4</sup> Stórtækastur var námureksturinn á árabílinu 1855-1872 en stopulli vinnsla var þar á árabílinu 1882- 1900. Eftir 1900 var farið að beita sprengingum við námagröftinn.<sup>5</sup> Á árunum 1921-25 voru grafin um 80m löng námagöng neðar í hlíðinni, inn undir eldri námuna og komu þau upp í botni hennar. Fljótlega eftir að vinnsla var hætt í neðri

---

2 Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. (Ármann Halldórsson ritstj.). Egilsstaðir. Búnaðarfélag Austurlands 1976, bls. 81.

<sup>3</sup> Þorvaldur Thoroddsen (1958). Ferðabók. I. Bind. Önnur útgáfa. Reykjavík, bls. 64.

<sup>4</sup> Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 81.

<sup>5</sup> Hjörleifur Guttormsson (2005). Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar. Árbók ferðafélags Íslands 2005. Reykjavík. Ferðafélag Íslands, bls. 59-60.

námunni hrundi fyrir þetta op milli námanna og sést það nú ekki lengur. Árið 1947 var síðasta skipulagða vinnslan á svæðinu en þá var sett þar upp mylla til að mala silfurberg til notkunar á steypit ytra byrði ýmissa húsbygginga. Þá var bílfær slóði ruddur upp að námunni til að hægara væri að flytja efnið í burtu.<sup>6</sup> Vinnslu í námunni var svo að fullu lokið um miðja 20. öldina.

### Lýsing svæðisins

Ruddur stígur liggur á um 300m kafla neðan frá þjóðvegi upp að námunni. Stígurinn



*Stígurinn sem liggur að neðri námunni. Á myndinni sést haugurinn sem myndast hefur við námagröftinn. Á slétta svæðinu ofan á honum er ætlunin að koma fyrir áningarstað. Ljós. Jóhann Zoëga.*

er nokkuð brattur á köflum. Þegar um 80m eru eftir skiptist stígurinn í tvennt og liggur sitthvor stígurinn að námusvæðunum sem eru tvö. Efri og eldri náman er opin sporöskjulaga geil í fjallshlíðina og inngangurinn í hana, sem liggur í gegnum klettavegginn, vísar til suðvesturs. Austan námanna er farvegur svokallaðs Silfurlækjar þar sem hann virðist hafa kvíslast um fleiri farvegi þar á meðal í námuna sjálfa. Grjóthleðsla er í læknum þar sem hann liggur í sveig ofan efri

námunnar. Milli lækjarins og námunnar er grjót- og torfhlaðin kofatóft og slétt grjótlögð flöt ofan hennar líklega undan timburhjalli. Þessar minjar tilheyra eldra skeiði námurekstrarins. Framan og austan við efri námamunnann eru seinni tíma minjar frá silfurbergsvinnslunni, steinsteypdir húsgrunnar og hluti af mótór sem knúði myllu sem notuð var til að mylja bergmola.

Neðri náman eru námugöng, um 10m á lengd. Inn í þeim er veggur hlaðinn úr grjóti og steinsteypu sem liggur meðfram austurhlið ganganna og samskonar veggur er einnig fyrir hluta gagnamunnans. Göngin eru mikið hrunin og í þeim er töluvert vatnsframborið efnið þar sem Silfurlækurinn hefur runnið niður botn efri námunnar í gegn um göngin. Miklir efnishaugar liggja framan við báðar námurnar, þar sem umframefni úr námuvinnslunni hefur verið losað. Göngustígar hafa myndast í efri hauginn þar sem menn hafa stytt sér leið niður að neðri námunni.



*Inngangurinn í efri námuna. Horft til suðurs. Ljós. Guðný Zoëga.*

<sup>6</sup> Skv. samtali við Geir Hólm 31.07.2012.



## Fornleifaskrá



*Stígurinn sem liggur upp að námunni er nokkuð brattur á köflum. Hann verður einnig fyrir skemmdum af völdum vatnsaga og grjóts og jarðvegs sem fellur á hann. Ljós. Jóhann Zoëga.*

### Helgustaðir-1

**Hlutverk:** Gata

**Tegund:** Leið

#### Lýsing

Rudd gata, eða stígur, liggur á ská upp hliðina á um 340m löngum kafla frá núverandi bílastæði upp að námunni. Stígurinn er um 1-2m á breidd og er á köflum malarborinn, á köflum moldarstígur og á köflum gróinn. Stígurinn er sumstaðar nokkuð brattur hefur látið á sjá vegna afrennslisvatns úr brekkunni. Við stíginn hefur verið grafið útskot og þar komið fyrir bekkjum og borði. Þegar um 80m eru eftir af stígnum efst kvíslast hann í tvennt og liggur annarsvegar áfram upp í eldri námuna en hinsvegar að neðri námagöngunum. Á nokkrum stöðum hafa rennur verið gerðar í stíginn til að hleypa vatni þar í gegn.

#### Aðrar upplýsingar

Upphaflega mun stígurinn hafa verið ruddur til að koma þar upp hestakerrum við starfsemina í yngri námunni, það mun hafa verið um 1922. Stígurinn var ruddur frekar 1947 til að koma þangað upp bíl. Það ár fór þar fram vinnsla á silfurbergi til notkunar í byggingariðnaði og var hertrúkkur notaður til að flutnings á efninu (Skv. samtali við Geir Hólm 31.07.2012).



*Horft til suðurs yfir efri námuna af norðurbrún hennar. Sjá má innganginn í námuna sem liggur til suðurs úr henni og tengist stígnum niður að þjóðveginum. Ljós. Jóhann Zoëga.*

## **Helgustaðir-2**

**Sérheiti:** Helgustaðanáma

**Hlutverk:** Silfurbergsnáma

**Tegund:** Niðurgröftur

### **Lýsing**

Efri og eldri náman liggur um 100m ofan þjóðvegar. Náman er sporöskjulaga geil í fjallið um 30x30m í þvermál og allt að 12m djúp. Inngangur er í hana til suðvesturs og þar endar stígurinn sem liggur upp brekkuna. Nokkuð hefur hrunið úr námuveggjunum, sérstaklega norðan til en þar má sjá leifar silfurbergsæðar austanvert í klettaveggnum og hefur myndast stígur upp að henni.

### **Aðrar upplýsingar**

Neðri námugöngin [Helgustaðir-

10] munu hafa verið grafin inn undir efri námuna og komu upp í norðvestur hluta



*Efri náman, horft til norðurs. Nokkuð hefur hrunið úr norðurhlið námunar en sjá má stíg sem liggur upp að silfurbergsæð sem enn sést í klettaveggnum. Hægra megin á myndinni má sjá farveg Silfurlækjar þar sem hann rennur niður í námuna. Ljós. Jóhann Zoëga.*



hennar. Hrúnið hefur fyrir gangnaopnið og sést það ekki lengur. Einn farvega Silfurlækjar liggur fram á brún námunnar austanvert. Læknum mun hafa verið veitt inn í námuna þegar vinnsla fór fram í henni (Skv. samtali við Geir Hólm 31.07.2012).

### Helgustaðir-3

**Tegund:** Hleðsla

**Hlutverk:** Stífla



*Horft til vesturs upp eftir farveg Silfurlækjar. Grjóti hefur verið hlaðið upp við suðurbakka lækjarins. Vatn rennur þó enn niður í námuna.*

nokkur lækjarfarvegur. Hann segir vatn hafa verið veitt niður að námunni þar sem það var notað við silfurbergsvinnsluna (Samtal við Geir Hólm 31.07.2012). Lítið vatn var í læknum við vettvangsskráninguna en dálítið vatn virtist renna í farveginum niður í námuna.

### Lýsing

Silfurbergið í námunni mun fyrst hafa uppgötvast í farvegi svokallaðs Silfurlækjar sem mun hafa runnið um námasvæðið. Nokkuð glöggur lækjarfarvegur liggur niður í efri námuna og mun lækurinn hafa runnið þar fyrrum.<sup>7</sup> Lækjarfarvegur liggur einnig austan námusvæðisins og hefur grjóti verið hlaðið fyrir hann á kafla ofan námunnar að því er virðist til að veita honum framhjá námasvæðinu og austur fyrir það. Hleðslan er um 0,7m há og 5m löng, hún hefur nokkuð látið á sjá vegna vatnsaga og smærra grjót og sandur hlaðist upp að henni.

### Athugasemdir

Við vettvangsathugunina var lítið vatn í læknum en augljóst er að hrúnið hefur úr hleðslunni og grjót safnast upp að henni í leysingum.

Samkvæmt heimildamanni mun lækurinn upphaflega hafa runnið austur fyrir námuna og er þar

<sup>7</sup> Helgi Hermann Eiríksson (1943). Silfurberg. Guðmundur Finnbogason (ritstj.). Iðnsaga Íslands. Síðara bindi. Reykjavík: Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, bls. 77.

### Helgustaðir-4

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft

#### Lýsing

Um tveimur metrum austan við austurbrún efri námunnar er tóft hlaðin úr torfi og grjóti en grafin inn í hlíðina að hluta. Hún er 4x2m að innanmáli og snýr nálega na-sv. Hlaðnir veggir hafa verið á þrjá vegu en tréþil til suðurs. Vegghleðslan er nokkuð hrunin, sérstaklega austur langveggur en er þó enn nokkuð stæðileg, um 1m þar sem hún er þykkust og um 1m þar sem hún er hæst. Tóftin er vaxin lyngi og víði. Fast ofan tóftarinnar og þvert á hana er grjóthlaðinn grunnur [Helgustaðir-5]. Grunnurinn virðist jafn gamall tóftinni.

#### Aðrar upplýsingar

Tóftin hefur líklega verið einhverskonar aðstöðuhús fyrir starfsmenn námunnar. Hún tilheyrir eldra vinnsluskeiði í námunni á 18.-19.öld.



### Helgustaðir-5

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla



Horft til suðurs yfir tóft og hlaðinn grunn sem liggja á austurbakka efri námunnar. Neðan við sést glitta í steinsteyptan grunn seinni tíma aðstöðuhúsa. Ljós. Jóhann Zoëga.




### Lýsing

Um 2m austan eystri brúnar efri námunnar er grjótgrunnur. Grunnurinn er aftan við (austan) og þvert á áðurnefnda tóft [Helgustaðir-4]. Um er að ræða ferkantaðan flöt, um 5m að lengd og um 4m á breidd. Hleðslan er einfalt lag af grjóti en upphækkaður hleðslukantur er við útbrún hennar. Grunnurinn hefur mögulega verið undirstaða undir timburbyggingu eða hjall.

### Aðrar upplýsingar

Líkt og tóftin er grunnurinn líklega frá eldra vinnsluskeiði í námunni á 18.-19.öld..



Yfirlitsmynd af steinsteyptum leifum aðstöðuhúsa og mótors austan efri námunnar. Númerin á myndinni eiga við númer minjanna í skránni. Myndin er tekin til suðurs. Ljós. Jóhann Zoëga.

### Helgustaðir-6

**Hlutverk:** Aðstöðuhús

**Tegund:** Steinsteyptur húsgrunnur

### Lýsing

Um 6m framan og austan inngangsins í efri námuna og rétt vestan farvegs Silfurlækjar liggja leifar húsa sem tengst hafa námuvinnslunni á 20. öld. Steypt gólfplata liggur nna-ssv. Einföld grjóthleðsla liggur umhverfis útbrún plötunnar. Enn sjást timbur og járn í grunninum og standa járnfleinar upp úr honum sem geta valdið hættu. Grunnurinn er 4m langur og 2m breiður og rétt um 10cm hár. Hann er áfastur steyptum húsgrunni [Helgustaðir-7].

### Aðrar upplýsingar

Grunnurinn mun hafa verið hluti af aðstöðu starfsmanna í námunni um miðja 20. öld þegar að seinasta vinnslan fór fram á staðnum (Skv. samtali við Geir Hólm

31.07.2012). Á ljósmynd á upplýsingaskilti niður við þjóðveginn má sjá mynd sem tekin er af mótornum og umhverfi hans 1966 og virðist húsið þá enn hafa staðið, a.m.k. að hluta.

### **Helgustaðir-7**

**Hlutverk:** Aðstöðuhús

**Tegund:** Steinsteypur húsgrunnur

#### **Lýsing**

Þvert aftan við steyptan grunn [Helgustaðir-6] er steypur gólfplata og steypur grunnur undan húsi. Mesta þykkt veggjarins 15cm og hæð 50cm. Grunnurinn hefur verið steypur upp við klett 5m austan við efri gangnamunnann um 8m vestan við Silfurlæk. Dyr eru á grunninum til austurs að steinsteyptri undirstöðu mótors [Helgustaðir-8].

#### **Aðrar upplýsingar**

Grunnurinn mun hafa verið hluti af aðstöðu starfsmanna í námunni um miðja 20. öld þegar að seinasta vinnslan fór fram á staðnum (Skv. samtali við Geir Hólm 31.07.2012). Á ljósmynd á upplýsingaskilti niður við þjóðveginn má sjá mynd sem tekin er af mótornum og umhverfi hans 1966 og virðist byggingin sem staðið hefur á aftari grunninum [Helgustaðir-7] þá horfin.

#### **Athugasemdir**

Samkvæmt deiliskipulagsupprætti af svæðinu er ætlunin að setja niður trébekk á húsgrunninn.

### **Helgustaðir-8**

**Hlutverk:** Námuvinnsla

**Tegund:** Steinsteypa/Mótor

#### **Lýsing**

Við na horn steypa grunnsins er steypur undirstaða undir mótör. Undirstaðan er steypur á þrjá vegu (opin til suðurs) og myndar um 1m langa og 30cm breiða hola undirstöðu undir mótör sem knúði myllu sem notuð var til að mala silfurbergsmola (rosta). Leifar mótorsins, sem var glóðar-



*Glóðarhaus mótorsins sem knúði myllu sem notuð var til að mylja silfurbergsmola. Ljós. Jóhann Zoëga.*

haus mótör, af gerðinni Rap (Rapp), liggur enn ofan á þessum steypu undirstöðum. Afrennslisbraut eða renna var áföst undirstöðum mótorsins og járngrind á ská niður frá myllunni. Rennan hefur losnað frá undirstöðunni og liggur nú á steinsteyptri stétt [Helgustaðir-9] sunnan mótorsins. Rennan er úr járni og götuð, um 4m löng og 30cm breið.

#### **Aðrar upplýsingar**



Á ljósmynd á upplýsingaskilti niður við þjóðveginn má sjá mynd sem tekin er af mótornum og umhverfi hans 1966 og má á henni sjá að rennan hefur þá enn verið tengd mótornum. Einnig virðist byggingin sem staðið hefur á grunninum þá enn hafa staðið, a.m.k. að hluta.

### **Helgustaðir-9**

**Hlutverk:** Stétt

**Tegund:** Steinsteypa



*Mótorinn, undirstöður hans, leifar járnrennu og steinsteyptrar stéttar. Ljós. Jóhann Zoëga.*

### **Lýsing**

Leifar steinsteyptrar stéttar liggur til suðurs frá móturundirstöðunni [Helgustaðir-8] og upp að dyrum húsgrunns [Helgustaðir-7]. Stéttin er um 3m löng frá nna-ssv en 2m breið frá nnv-ssa. Nokkrar sprungur eru í stéttinni en hún er annars nokkuð heilleg. Hún hefur verið hluti at-hafnasvæðisins sunnan myllunnar sem var í notkun rétt fyrir miðja

20. öld.

### **Athugasemdir**

Samkvæmt meðfylgjandi deiliskipulags teikningu er ætlunin að leggja grjót í svæðið umhverfis grunnana og mylluna til að afmarka þar áningarstað. Á teikningunni virðist grjóti verða komið fyrir í stað stéttarinnar.

## Helgustaðir-10

**Sérheiti:** Helgustaðanáman

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Göng



*Neðri náman. Hægra megin í gangnaopinu má sjá leifar grjóthlaðins og steinsteypts veggjar og hægra megin á myndinni er grjót haugurinn sem myndast hefur við vinnsluna í efri námunni. Vatn rennur í gegnum námuna, líklega úr læknum sem rennur í efri námuna. Ljós. Jóhann Zoëga.*

### Lýsing

Neðri náman á Helgustöðum er um 60m neðan efri námunnar. Hún er öðruvísi að því leyti að göng hafa verið gerð inn í hlíðina og er um 10m kafli gangnanna nú aðgengilegur. Aðkoman að göngunum er um 8m löng og 4m löng ferköntuð geil inn í hlíðina, alls um 8m á hæð þar sem hún er hæst. Grjóthaugur sem myndast hefur við vinnsluna í efri námunni liggur austan og upp frá gangnaopinu. Göngin sjálf liggja svo inn úr gagnamunnum og eru um 3-4m breið og rétt um 2m há við innanginn en lækka eftir því sem innar dregur. Veggur hefur verið hlaðinn og steypur upp við austurvegg námugangnanna en hann



*Séð inn í námagöngin og steypa vegginn sem nokkuð er fjarinn að hrynja. Ljós. Jóhann Zoëga.*



er nú að hluta hruninn. Samskonar veggur er hlaðinn út frá austurhlið gangnanna í gangnaopinu. Sá veggur er um 2m hár og um 1,8m langur. Grjóthaugurinn þar sem efni úr námunni hefur verið losað liggur rétt austan við innganginn í námuna. Hann er nokkru umfangsminni en haugurinn frá eldri námunni.

### **Aðrar upplýsingar**

Göngin voru áður mun lengri en eru nú mjög hrunin of hafa fyllst af grjóti og vatnsframburði. Göngin náðu allt inn undir eldri námuna og munu hafa komið upp inni í henni. Nú er sá inngangur horfinn vegna grjóthruns (Skv. samtali við Geir Hólm 31.07.2012). Grjót hefur verið hreinsað úr námungöngunum en þó er botn hennar enn nokkuð stórgrýttur. Þegar vatn er í lækjum rennur vatn í gegn um göngin, líklega sú kvísl Silfurlækjarins sem rennur niður í efri námuna

### **Helgustaðir-11**

**Sérheiti:** Helgustaðanáman

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Grjóthaugur

### **Lýsing**

Framan og austan efri námunnar er mikill haugur af grjóti og öðru efni sem orðið hefur til við námagröftinn. Steyptu húsgrunnarnir liggja ofan þessa haugs en hann



*Horft til norðvesturs upp hlíðina að grjóthaugunum sem hafa myndast utan við námurnar tvær. Efri haugurinn hægra megin á myndinni tilheyrir efri námunni og er mun stærri. Smærri haugurinn vinstra megin á myndinni tilheyrir vinnslunni í námugöngin. Glögg má sjá farveg Silfurlækjar þar sem hann rennur austan megin gangnanna. Ljósm. Jóhann Zoëga.*

breiðir úr sér neðan þeirra á svæðinu frá neðri námugöngunum út að farvegi Silfurlækjar.

**Aðrar upplýsingar**

Göngustígar hafa myndast við að menn hafa stytt sér leið milli námasvæðanna. Þessir stígar eru mjög brattir og tæpir þar sem þeir liggja ofan inngangsins í neðri námuna.

**Helgustaðir-12**

**Sérheiti:** Helgustaðanáman

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Grjóthaugur

**Lýsing**

Framan og austan neðri námunnar er nokkur haugur af grjóti og öðru efni sem orðið hefur til við námagröftinn. Haugurinn er þó töluvert minni en haugurinn sem myndast hefur neðan efri námunnar.



## Minjar sem eru horfnar eða fundust ekki

Samkvæmt upplýsingum frá Geir Hólm<sup>8</sup> mun silfurbergið, áður en kerrufær vegur var ruddur að námunni, hafa verið flutt beint niður frá námunni að klöpp niðri við sjó þar sem að hann var sett um borð í báta. Engin merki fundust um stíg niður frá námunum og engin frekari merki eru um hvar silfurberginu hefur verið skipað út. Einnig mun timburhús hafa verið reist í tengslum við námavinnsluna 1920 við reiðveginn sem þá lá út hlíðina og hvarf við gerð nýs vegar um 1930. Engin merki þessa húss eða húsgrunns fundust við skráninguna.

## Skipulagssvæðið við þjóðveg og aðrir göngustígar



Víða eru fallegar hleðslur í giljum og lækjarfarvegum í gamla þjóðveginum sem lagður var um og eftir 1930 og liggur nokkra tugi metra neðan við núverandi þjóðveg. Ljós. Jóhann Zoëga.

Samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti á að leggja tvo nýja göngustíga til viðbótar við þann sem nú liggur upp að námunni. Annars vegar er það göngustígur sem á að liggja frá núverandi bílastæði við þjóðveginn innan námunnar niður að sjó þar sem koma á upp áningarstað. Engar minjar fundust við stíginn aðrar en gamli bílvegurinn sem ruddur var út Helgustaðahrepp um 1930, og telst skv. lögum ekki til fornleifa. Annar stígur á að liggja upp brekkuna austan námanna og Silfurlækjar og mun hann liggja frá rútu-bílastæði við þjóðveg upp að neðri námagöngunum. Engar minjar fundust á svæðinu þar sem stígurinn á að liggja.

Ætlunin er að stækka núverandi bílastæði og koma þar upp ferðamannaöðstöðu, auk bílastæðis fyrir rútur neðan námanna. Einnig er hugmyndin að gera snúningsplan fyrir stærri bíla utan við Hrafná sem liggur nokkru utan námanna. Engar minjar

fundust við þessa væntanlegu framkvæmdastaði.

## Niðurstöður

Helgustaðanáman er friðlýst náttúruvætti síðan 1975 samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 17 frá 1971. Námurnar sjálfar auk mannvirkja þeim tengdum teljast þó til mannvirkjagerðar og eru leifar slíkra minja, 100 ára eða eldri friðaðar

<sup>8</sup> Skv. samtali 31.07.2012.

samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 107 frá 2001. Minjarnar munu að sama skapi falla undir ný, samsvarandi lög um menningarminjar sem taka munu gildi um næstu áramót (2012-2013).

Við fornleifaskráninguna voru alls skráðar 12 minjar á vettvangi. Fimm þeirra teljast friðaðar samkvæmt ákvæðum Þjóðminjalaga um friðun fornleifa 100 ára og eldri. Er þar um að ræða efri námuna, tóftir á austurbakka hennar, grjóthaug með efni úr námunni og hleðslu í Silfurlæk. Sjö minjanna þ.e. neðri náman, ruddur stígur upp að námunum og steinsteyptir grunnar og stétt austan efri námunnar og grjóthaugur frá vinnslu í neðri námunni eru hinsvegar, yngri og falla ekki undir þetta ákvæði. Þó svo að hluti minjanna teljist ekki fornleifar lögum samkvæmt eru þær hluti af minjaheild sem spannar 250 ára vinnslusögu silfurbergs á svæðinu. Því hafa allar leifar mannvirkja tengdar vinnslunni verið teknar inn í fornleifaskráningu deiliskipulagssvæðisins.

Auk námunnar sjálfrar voru skoðuð svæði sem eiga að fara undir bílastæði og aðra áætlaða aðstöðu við Þjóðveginn, þar sem göngustígar eiga að liggja niður frá bílastæðinu við stígsendann vestanverðan og upp frá bílastæði utan Silfurlækjar. Einnig var skoðað væntanlegt snúningsstæði fyrir rútur utan Hrafnár. Engar fornleifar fundust á þessum svæðum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir sem sýndar eru á meðfylgjandi skipulagsuppdraði geta, að óbreyttu, haft nokkrar breytingar í för með sér fyrir heildaryfirlit staðarins og minjarnar sem þar eru.

*Minjar sem kunna að verða fyrir áhrifum (sjá meðfylgjandi skipulagsuppdraði):*

### **Stígur upp að námunni**

Stígurinn sem nú liggur frá Þjóðvegi upp að námunni var ruddur svo hægt væri að koma hestakerru um 1920 og síðar enn frekar fara mætti á bíl þar upp. Stígurinn kann að vera að stofni til leið sem notuð hefur verið frá upphafi við námavinnsluna þótt ekki verði fullyrt um það. Hann telst því ekki til fornleifa samkvæmt Þjóðminjalögum. Miðað við legu nýs stígs á deiliskipulagsuppdraðtinum er ljóst að aðkoma og ásýnd námunnar og leiðin upp að henni myndi breytast við væntanlegar framkvæmdir. Sérstaklega á það við ofarlega á stígnum þar sem hann liggur upp að efri námunni og væntanlegum áningarstað við minjarnar austan hennar. Breikka á stíginn og setja á hann varanlegt yfirborðsefni. Í texta með skipulagsuppdraðtinum segir að lega stíga eins og hún er sýnd þar sé leiðbeinandi og að ákvörðun um endanlega legu stíga verði tekin í samráði við umsýslunaraðila svæðisins.

## **Efri náman**

Samkvæmt meðfylgjandi skipulagsuppdrætti er ætlunin að fjarlægja grjót úr efri námunni til að nota við endurbætur á stígunum. Við það mun núverandi ásynd námunnar breytast.

## **Stífla í Silfurlæk**

Fyrirhleðsla sem liggur í Silfurlæknum ofan efri námunnar hefur líklega verið notuð til að veita vatni annað hvort frá eða í námuna. Það litla vatn sem í læknum var við vettvangsskoðunina rann niður í námuna. Ljóst er að beina þarf læknum frá því að renna niður í námuna og svæðið neðan hennar. Við það gæti þurft að bæta í hleðsluna eða stífla lækinn á einhvern varanlegri máta. Slíkt mun hafa áhrif á hleðsluna eins og hún liggur nú en taka má fram að hún hefur mjög látið á sjá vegna vatnsaga.

## **Steyptir grunnar, undirstaða mótors og stétt**

Ætlunin er að gera áningarstað á og umhverfis leifar aðstöðuhúsa og mulningsmyllu sem samkvæmt heimildamanni munu vera frá því um 1947. Grjótleggja á svæðið umhverfis minjarnar til að gera umhverfið meira aðlaðandi sem áningarstað. Einnig er á uppdrættinum sýndur trébekkur sem leggja á steinsteypta vegg. Þar munu og verða sett upp upplýsingaskilti og öryggisgirðingar við útbrún svæðisins.

Auk þessa munu verða settar upp nauðsynlegur öryggisbúnaður, þ.m.t. hleðslur til að varnar grjóthruni á göngustíginn og öryggisgirðingar við hættulegar útbrúnir á námasvæðinu. Ekki voru frekari upplýsingar um útfærslu þessara öryggisþátta þannig að ekki var hægt að meta áhrif þeirra á minjarnar.

## **Niðurlag**

Árið 2005 kom út skýrsla<sup>9</sup> á vegum Norræna ráðherraráðsins þar sem teknar voru fyrir menningarminjar á norðurlóðum sem taldar eru mikilvægur vitnisburður um nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem svæðið hefur upp á að bjóða. Mikilvægi minjanna var einnig metið út frá upprunaleika þeirra, varðveislu og hversu vel þær henta til kynningar og fræðslu fyrir almenning. Helgustaðanáman er einn sex íslenskra minjastaða sem tekinn er fyrir í skýrslunni. Mikilvægi Helgustaðánámunnar felst í því að hún er eitt fárra dæma um námugróft og nýtingu jarðefna á Ísland og hefur mikið gildi jafnt fyrir atvinnusögu svæðisins sem og alþjóðlega vísindasögu. Upprunaleiki staðarins felst í því að minjarnar eru heillegar og augljósar, gefa góða mynd af vinnslunni sem þar fór fram og aðstöðunni sem menn bjuggu við á vinnslutímanum.

---

<sup>9</sup> Heiti skýrslunnar er Kulturmiljær i Arktis. Prinsipper for bærekraftig forvaltning og er gefin út af Norrænu ráðherranefndinni, Kaupmannahöfn 2005. Skýrsluna má nálgast á vefslóðinni [http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2005-552/at\\_download/publicationfile](http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2005-552/at_download/publicationfile)



Skipulagning svæðisins, með tilliti til bætts aðgengis og fræðslu fyrir ferðamenn og almenning, fellur því vel að þeim markmiðum sem lagt er upp með í áðurnefndri skýrslu. Það er hinsvegar mikilvægt að við væntanlegar framkvæmdir á svæðinu verði þess gætt að heildarmynd minjasvæðisins sé ekki raskað að nauðsynjalausu og að verndun menningarminja haldist í hendur við verndun náttúruminjanna sem þegar eru friðlýstar. Umsýsla minjavörslu er í höndum Fornleifaverndar ríkisins og er hún endanlegur umsagnaraðili um væntanlegar framkvæmdir og mótvægisáðgerðir til verndar minjum.

## Helgustaðarnáman - hnitalisti

| Nr | Fvnr  | Sérheiti        | Tegund       | Hlutverk   | Aldur frá | Aldur til | Ástand       | Orsök | Hætumat    | Orsök       | Veggh frá | Veggh til | Austun    | Norðun    |
|----|-------|-----------------|--------------|------------|-----------|-----------|--------------|-------|------------|-------------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| 1  | 13512 |                 | Stígur       | Leið       | 1800      | 2012      | Greinanlegar |       | Mikil hætt | Framkvæmdir |           |           | 742135,05 | 513604,18 |
| 2  | 13513 | Helgustaðarnáma | Niðurgroftur | Náma       | 1700      | 1950      | Heillegar    |       | Mikil hætt | Framkvæmdir | 2,0       | 5,0       | 742240,06 | 513616,41 |
| 3  | 13514 |                 | Hleðsla      | Stífla     | 1700      | 1925      | Greinanlegar |       | Hætta      | Framkvæmdir | 0,3       | 0,7       | 742285,27 | 513636,79 |
| 4  | 13515 |                 | Tóft         | Óþekkt     | 1700      | 1900      | Greinanleg   |       | Hætta      | Framkvæmdir | 0,4       | 1,0       | 742247,92 | 513605,94 |
| 5  | 13516 |                 | Hleðsla      | Óþekkt     | 1700      | 1900      | Greinanleg   |       | Hætta      | Framkvæmdir | 0,1       | 0,5       | 742251,48 | 513607,46 |
| 6  | 13517 |                 | Húsgrunnur   | Aðstöðuhús | 1900      | 1925      | Greinanleg   |       | Hætta      | Framkvæmdir | 0,1       | 0,1       | 513583,17 | 513583,17 |
| 7  | 13518 |                 | Húsgrunnur   | Aðstöðuhús | 1900      | 1925      | Greinanleg   |       | Mikil hætt | Framkvæmdir | 0,3       | 0,5       | 742229,63 | 513584,56 |
| 8  | 13519 |                 | Steinsteypa  | Undirstaða | 1900      | 1925      | Greinanleg   |       | Hætta      | Framkvæmdir | 1,0       | 1,0       | 742232,13 | 513582,58 |
| 9  | 13520 |                 | Steinsteypa  | Stétt      | 1900      | 1925      | Heillegar    |       | Mikil hætt | Framkvæmdir |           |           | 742230,04 | 513581,11 |
| 10 | 13521 | Helgustaðarnáma | Göng/hleðsla | Náma       | 1921      | 1950      | Heillegar    |       | Hætta      | Framkvæmdir |           |           | 742181,40 | 513579,80 |
| 11 | 13524 |                 | Grjóthaugur  |            | 1700      | 1950      | Heillegar    |       | Hætta      | Framkvæmdir |           |           | 742205,43 | 513574,48 |
| 12 | 13525 |                 | Grjóthaugur  |            | 1920      | 1950      | Heillegar    |       | Hætta      | Framkvæmdir |           |           | 742180,73 | 513565,71 |

Almenn hætt vegna framkvæmdanna og ágangs ferðamanna  
 Mikil hætt þar sem framkvæmdirnar hafa bein áhrif á minjarnar

# Helgustaðanáma-fornleifar yfirlit

N



Mörk deiliskipulagssvæðis

Stígur að námu

Þjóðvegur


Mörk friðlýsts svæðis

- Fornleifar(númer eru hlaupandi númer úr skýrslu)


Grunnur undir uppmælingar á fornleifum  
í og við Helgustaðanámu er fenginn frá  
Landmótun og er tillaga að deiliskipulagi.









Skýringarmynd af þjónustuaðstöðu. Grunnmynd Mk: 1:250



Skýringarmynd - Áningastaður á grunni kaffistofu Grunnmynd Mk: 1:200



Skýringarmynd - Dæmi um frágang við stíg



Skýringarmynd, þjónustuaðstaða Dæmisnið Mk: 1:100

## HELGUSTÐANÁMA – ÚTIVISTARSVÆÐI Tillaga að deiliskipulagi

### Forsendur

**Inngangur**  
Helgustaðanáma er silfurbergsnáma í landi Helgustaða í Fjarðabyggð. Silfurberg kallast sérlega tærir kristallar af steindinni kalsít. Erlent heiti silfurbergs á helstu málum er tengt Íslandi (Iceland spar. Spar d’Islande, o.s.frv.) og er eitt fárra fyrirbæra úr ríki náttúrunnar sem kennt er við Ísland. Einna stærstu og tærustu eintökin af silfurbergi í heiminum hafa fundist á stað nálægt bænum Helgustaðir við norðanverðan Reyðarfjörð. Silfurbergi frá Helgustöðum mun hafa verið safnað allt frá miðri 17. öld en vinnsla þess náði hámarki á 19. öld og stóð rétt fram yfir 1920. Silfurberg (Kalsít) var sött í námuna frá 17. öld fram á miðja 20. Hægt er að sjá ummerki eftir námagrótt.

### Verndarsvæði-



### Staðhættir

Helgustaðanáma er í landi Helgustaða við norðanverðan Reyðarfjörð. Náman liggur í um 80-110 m hæð yfir sjávarmáli í titlulega brattri fjallshlíð. Helgustaðavegur (954) liggur um svæðið og í dag er bifreiðastæðið og upplýsingaskilti við núverandi slóða að námuopinu. Núverandi slóði er mjór malartroðningur sem skiptir sér vestan námunnar og liggur annars vegar að námuopinu og hins vegar að efra hluta námunnar þar sem fyrir er steipt plata frá tímum námuvinnslunnar.

Svæðið er nokkuð vinsæll áningastaður og er náman töluvert sött af ferðamönnum en ætla má að um 4-6000 ferðamenn heimsæki Helgustaðanámu á ári hverju. Umgengi um svæðið er ábótavant og þó nokkuð hefur borðið á því að ferðamenn taki silfurberg og annað grjótt af svæðinu. Samkvæmt úttekt sem unnin var af Umhverfisstofnun 2010 er Helgustaðanáman á „rauðum lista“ sökum átroðnings og mikil álags á svæðið. Náttúrufræðistofa Austurlands hefur umsjón með svæðinu. Allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Í aðalskipulaginu segir að svæðið sé ætlað til almennrar útvegu og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s. s. stigum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Ekki liggur fyrir formleifaskráning á svæðinu en deiliskipulagstillagan verður send Fornleifavernd ríkisins til umsagnar.

### Skipulagstillaga og skilmálar

#### Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að vinna skipulag að svæðinu til að móta stefnu um uppbyggingu stiga og áningastaða á svæðinu þar sem áhersla er lögð á bætt aðgengi fyrir ferðamenn og þar með betri stýringu ferðamanna um svæðið og minnka álag. Deiliskipulagið gerir einungis ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist og liggja allar meginforsendur fyrir í aðalskipulagi og var því ekki unnin skipulagslýsing fyrir áætlunina.

#### Afmörkun skipulagssvæðis

Deiliskipulagssvæðið er alls um 8,0 ha að stærð og skiptist í tvo hluta. Að vestanverðu nær skipulagssvæðið niður fyrir Helgustaðaveg niður í fjöru, norður og vestur fyrir núverandi áningarstað og upp með núverandi stíg og norður og austur fyrir friðlýst svæði Helgustaðanámunnar. Þá eru skilgreind mörk nokkru austar umhverfis fyrirhugaðan snúningshaus sem staðsettur er í gamalli malarnámu.

#### Aðkoma og stigar

Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi 954 (Helgustaðavegi) sem er skilgreindur sem aðalvegur í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

**Aðalstigur** –Nýr stigur verður lagður á svipuðum stað og núverandi slóða að námunni. Upphaf stigsins verður frá bílastæði við Helgustaðaveg og liggur hann upp með hlíðinni að námunni. Um er að ræða allt að 3 m breiðan stíg með varanlegu yfirborðsnei. Gert er ráð fyrir hvíldarpóllum með u.þ.b. 200m millibili og varanlegum vatnsrásum til að hindra að vatn skemmi stiginn í leysingum. Gera þarf vatnsrás til að leiða vatn fyrir ofan stíg. Á viðlum stöðum þarf að koma fyrir hleðslum við stiginn til að fyrirbyggja hrún. Þar sem bratti í stíg er hvað mestur skal koma fyrir handlistum meðfram stíg til þess að auðvelda aðgengi að svæðinu, setja skal upp öryggisgirðingu við stíg ofan við námuop til þess að hindra aðgengi að opi frá stíg. Þar sem stigar skiptast verður komið fyrir vegvisum.

**Aðrir stigar**– Gert er ráð fyrir útivistarstig frá bílastæði niður að áningarstað í fjörunni neðan Helgustaðarveg. Einnig er gert ráð fyrir stig frá námu og gangnamunna sem liggur í hlíðinni sunnan við Silfurlæk og niður að Helgustaðavegi að fyrirhuguðum rútustæðum. Stigurinn verður lagður í sveigju í hlíðinni þannig að draga megj sem mest úr halla á honum og auðvelda aðgengi um svæðið. Breidd útivistarstiga verður á bilinu 1-1,5 m.

Malarstiga skal vinna á eftirfarandi hátt: Tekið er upp að jafnaði 30 cm af jarðvegi og uppúrtektin síðan notað við frágang á öxlum. Taka skal efsta svörðurinn til hliðar og nota við lokafrágang. Allt efni uppúrtektar skal nýtt til aðlögunar á jöðrum.

Legja stiga er leiðbeinandi á uppdrætti og skal leggja þá í landið í samráði við umsjónaraðila svæðisins.

#### Bílastæði

Við þjónustuaðstöðu og upphaf gönguleiðar að námu er gert ráð fyrir að koma fyrir bílastæðum fyrir allt að 6. folksbíl (sjá skýringarmynd). Nokkru austar er gert er ráð fyrir stæðum samsíða Helgustaðarvegi fyrir allt að 4 rútur. Á röskuðu svæði sunnan við Hrafná verður komið fyrir snúningsstæði fyrir rútur. Gert er ráð fyrir því að ferðamenn sem komi í rútum verði látnir af við þjónustuaðkomu, síðan getur rútan snúið á snúningsstæði og beðið eftir fólki við rútustæðin.

#### Áningarstaðir

Gert er ráð fyrir nokkrum áningarstöðum innan svæðisins. Áningarstaður verður við upphaf gönguleiðar þar sem núverandi áningarstaður er í dag. Við þann áningarstað er gert ráð fyrir bekkjum, upplýsingaskiltum um svæðið og salerni. Yfirborð verður flórað að hluta með náttúrgjöf af svæðinu og timburpallur verður við salerni og sorpaðstöðu. Áningarstaður verður á miðri leið stigsins að námu göngum: með hliðaraðstöðu/bekk. Við námuna sjálfa er gert ráð fyrir tveimur áningarstöðum. Annars vegar við námuopið og hins vegar á grunni kaffistofu fyrir framan námuna sjálfa. Gert er ráð fyrir upplýsingaskiltum við áningastað við námuop og við „inngang“ inn í námuna. Námuopið sjálft þarf að grjótvörja og setja öryggisgirðingur umhverfis áningastaðina við námuna til að tryggja öryggi vegfarenda. Á grunni kaffistofu sem var við námuna verði gerður áningastaður, nestis- og útsýnistaður yfirborð næst grunni verði steinlagt með grjóti af staðnum (flörun) til afmörkunar á áningastað. Kvöð er um öryggisgirðingar við áningastað sunnan námú. Við rútustæði skal gera ráð fyrir áningastað með borði og bekkjum ásamt upplýsingaskilti.

#### Þjónustuaðstaða.

Salerni verður komið fyrir við áningarstað við upphaf gönguleiðar ásamt sorpaðstöðu. Rotþró verður komið fyrir ofan við þjóðveg í min 30 m fjarlægð frá þjónustuaðstöðu. Frágangur og gerð rotþróar og fræðslislagna skal gera í samráði við heilbrigðisettíttir og fara skv. ákvæðum heilbrigðisettíttir og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Salernishús skal vera að hámarki 15m² að stærð og hámarks mænishæð 3,5m. Samræma skal lita og efnisval á svæðinu hvað varðar hús, sorplát, skilti, handrö, varnargirðingar og annan búnað.

#### Efni í stiga og hleðslur

Efni í stiga og hleðslur verður fengið úr námuopi og á svæðinu ofan við námuna en þar þarf að hreinsa grjótt af svæðinu til að auðvelda aðgengi um svæðið.

#### Áhrif á samfélag og umhverfi

Deiliskipulagið er talið hafa jákvæð áhrif samfélagi. Verið er að koma á betri stýringu umferðar um svæðið og tryggja að ferðamenn noti göðar og merktar gönguleiðir. Staðlað er að bættum frágangi á svæðinu og betri aðstöðu. Með þessu er verið að yta undir jákvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif með bættu aðgengi að útivist, auknum útivistarmöguleikum með aukinni stigagerð og fleiri áningarstöðum sem þar með yfir undir aukinn ferðamannastraum um svæðið. Áhrif á umhverfi er óveruleg því verið er að leggja aðalstig í þegar röskuðu svæði og aðrir stigar eru mjórr og lagaðir að landi. Upptækt úr stigum verður nýtt á staðnum til aðlögunar á jöðrum þeirra. Efni í hleðslur, stiga og grjóttöglur í yfirborðsfrágang áningarstaða verður tekið af röskuðum stöðum á svæðinu. Í heildin eru því umhverfisáhrifin jákvæð á samfélag og umhverfi.



Hluti af staðfestu aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027

#### SKÝRINGAR

- 954 Þjóðvegur 954 Helgustaðavegur
- Mörk friðlýst svæðis
- Námuop/gangnamunni
- Helgustaðanáma
- Megin stigur Silfurstigurinn - allt að 3,0 m breiður með varanlegu yfirborði.
- Aðrir stigar - allt að 1,5 m breiðir stigar með malaryfirborði
- Þjónustuaðstaða
  - Aðkomusvæði
  - Bílastæði < 6 bílar
  - Salernisaðstaða og sorp
  - Áningastaður og upplýsingaskilti
- Bílastæði fyrir allt að 4 rútum samsíða vegi
- Áningastaður
- Kvöð um varnargirðingu við áningastað og námuop
- Fyrirstaða vatns/grjótvörn við Silfurlæk
- Upplýsingaskilti
- Snúningsaðstaða fyrir rútur
- Rotþró og siubeð
- Deiliskipulagsmörk

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

\_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafrest til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Á 08.08.2012 hefur verið auglýsing, Stigun birtaust austur Helgustaðar og kannað við áhrifin frá 08.08.2012. ÁDR. HÖ. 08.08.2012. 08.08.2012.

FJARÐABYGGÐ  
HAFNARSTÍG 13A 101 HAFNARSTÍG

LANDMÖTUN  
HAFNARSTÍG 13A 101 HAFNARSTÍG

HELGUSTADANÁMA  
FRÍDLÝST NÁTTÚRUVÆTTI

TÍLLAGA AÐ DEILISKIPULAGI  
Yfirlitsskipulag og skýringarmynd

KVARNET 2000/2010  
VERÐUR  
TÍLLAGA AÐ DEILISKIPULAGI  
Yfirlitsskipulag og skýringarmynd

7300-DU1103 DU1103-01